


Nr.: GÁT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags: 30.08.2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	<b>HTL 104</b>	<b>Kennsluáætlun vorönn 2015</b>

Viðtalstímar:

<b>Kennarar</b>	Helga Björg Jónasardóttir Sólveig Þóra Jónsdóttir	hbj@vma.is sthj@vma.is	Þriðjudagar kl. 11:20-12:00 miðvikudagar kl. 11:25-12:05
-----------------	--	---------------------------	---

### Áfangalýsing:

Í áfanganum kynnist nemandinn undirstöðuatriði alhliða hugmyndavinnu. Nemendur vinna eftir ferlinu frá því að hugmynd kviknar og þar til hún hefur fengið ákveðið form. Lögð er áhersla á sambandið milli hugmynda, hráefnis, tækni, aðferða og listrænnar sköpunar, greiningar og túlkunar. Nemandinn fær þjálfun í að þróa hugmyndir sínar, starfa sjálfstætt, setja fram hugmyndir, meta og gagnrýna eigin verk. Hver nemandi kynnir verkefni sín og rökstyðja þær lausnir sem notaðar eru. Áhersla er lögð á umræður um verkefni og að nemendur læri af hverjum öðrum.


Auk þessa verður fjallað um helstu vefjarefni, eiginleika þeirra og vinnslu á t.d. ull, bómull, hör, silki og hálf- og algerviefni.

**Markmið:** er að nemandinn...

- skilji sambandið milli hugmynda, hráefnis, tækni, aðferða og niðurstöðu
- geti þróað hugmynd eftir markvissu þróunarferli
- geti sett fram hugmynd bæði munnlega, skriflega og á myndrænan hátt
- kunnir að tileinka sé nýngar í gegnum upplýsingamiðla, handbækur og fagttímarit
- sé fær um að rökstyðja eigin verk og veita uppbyggilega gagnrýni
- hafi fengið innsýn í vefjarefnafræði og þekki flokkun textílhraefna
- þekki staðlaðar alþjóðlegar meðferðamerkingar

### Áætlun um yfirferð:

Vikur	Lota	Lýsing:
2-10	1	Unnið með margskonar skissuáferðir og nemendur safna gögnum í skissu og hugmyndabanka. Farið verður yfir grunnatriði vefjarefnafræða og nemendur vinna að gagnasafni sem byggir á tilraunum, glósum og verkefnum. Nemendur halda dagbók samhliða vinnu sinni í lotunni.
11-13	2	Nemendur velja sér hönnunarverkefni þar sem reynir á hæfni þeirra til að afla gagna, velja úr hugmyndum og þróa þær áfram. Hér fá nemendur tækifæri til að kynnast ferlinu frá því að hugmynd kviknar og þar til hún hefur fengið ákveðið form. Nemendur halda dagbók samhliða vinnu sinni í lotunni.
14-18	3	Nemendur velja sér hönnunarverkefni þar sem reynir á hæfni þeirra til að afla gagna, velja úr hugmyndum og þróa þær áfram. Hér fá nemendur tækifæri til að kynnast ferlinu frá því að hugmynd kviknar og þar til hún hefur fengið ákveðið form. Nemendur halda dagbók samhliða vinnu sinni í lotunni.

Nr.: GÁT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags: 30.08.2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	<b>HTL 104</b>	<b>Kennsluáætlun vorönn 2015</b>

Nemendur skulu safna og halda til haga öllum gögnum úr áfanganum og skila þeim í lok annarinnar í vel upp settri ferilmöppu ásamt dag- og skissubók.

### Námsgögn:

Stuðst verður við fagbækur og -tímarit sem eru í eigu skólans og kennara, ljósritað ítarefni frá kennara og vefsíður sem gagnast nemendum í vinnuferli sínu. Einnig verður kennsluvefurinn Moodle nýttur til að halda utan um verkefnalýsingar ofl.

### Innkaup:

Nemendur þurfa að kaupa og eiga möppu í stærð A3, góða skissubók, dagbók, liti, teikniáhöld, pappírsskæri og pappírslím sem þeir taka með sér í tímana.

### Námsmat og vægi námsþátta:

Áfanginn er próflaus og í honum fer fram símat yfir önnina. Tekið verður tillit til færni nemenda í þáttum eins og úrvinnslu hugmynda, sjálfstæðis í vinnubrögðum, frágangs og ástundunar í tímum.

Verkefni	Vægi í %
Lota 1	30%
Lota 2	20%
Lota 3	20%
Dagbók + ferilmappa + skissubók	10%
Vinnubók í vefjarefnafræði	20%

Með fyrirvara um breytingar

### Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils